

Fimmtudaginn 11. júní 1987.

Nr. 134/1986.

**Bergur Björnsson og**

**Leó M. Jónsson**

(Sigfús Gauti Þórðarson hdl.)

gegn

**skiptaráðandanum í Reykjavík**

**f.h. þrotabús Skrifstofutækni hf.**

(Valgarður Sigurðsson hdl.)

og

**skiptaráðandinn í Reykjavík**

**f.h. þrotabús Skrifstofutækni hf.**

gegn

**Bergi Björnssyni**

**Leó M. Jónssyni og**

**Guðmundi Óskarssyni**

Gjaldþrot. Ábyrgð stjórnar- og skilaneftndarmanna í hlutafélagi.  
Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1986. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlækkaðar og málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst s.á. Hann krefst þess að aðaláfrýjendur og stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, verði dæmdir in solidum til að greiða 977.968,35 krónur, að gerðum breytingum er síðar greinir, með ársvöxtum þannig: 45% frá 1. janúar 1983 til 16. september s.á., 37% frá þeim degi til 18. október s.á., 36% frá þeim degi til 17. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 16. desember s.á., 25% frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim

degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 25. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður til stefnda, Guðmundar R. Óskarssonar, felldur niður.

Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Á þeim tíma er hér skiptir máli var aðaláfrýjandinn Bergur Björnsson formaður stjórnar Skrifstofutækni hf. með prókúrumboði og frá 8. september 1982 löggiltur skilaneftndarmaður í félaginu. Aðaláfrýjandinn Leó M. Jónsson var til þess tíma framkvæmdastjóri með prókúrumboði og stjórnarmaður. Báðir voru þeir með eiginkonum sínum meirihluta eigendur að félaginu og störfuðu hjá því.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi var stærstum hluta af andvirði eigna félagsins varið til þess að greiða kröfur þær er mál þetta snýst um. Fóru greiðslurnar að mestu fram áður en skilaneftnd tók til starfa. Telja verður að aðaláfrýjendur hafi felld á sig skaðabótaábyrgð sem stjórnarmenn fyrir þessum greiðslum eins og síðar greinir. Þótt kröfurnar væru gjaldkræfar bökuðu þeir sér eigi að síður bótaábyrgð samkvæmt 132. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sbr. 60. og 2. mgr. 116. gr. þeirra laga. Fallist er á það, að síðsumars 1982 hafi þeir ekki verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins og ráðstafanir þeirra því verið ótilhlýðilegar. Þykja þeir gagnvart gagnáfrýjanda bera óskipta ábyrgð á greiðslunum meðan þeir störfuðu sem stjórnarmenn. Eigi þykir verða lögð ábyrgð á aðaláfrýjandann, Leó M. Jónsson, vegna ráðstafana er áttu sér stað eftir að skilaneftnd tók við félaginu. Til ábyrgðar skilaneftndarmanna verður tekin afstaða í sambandi við einstaka kröfuliði hér á eftir, sem taldir verða í sömu röð og í héraðsdómi.

1. Víxlar 655.584,90 krónur lagðir inn í Alþýðubankann hf. og keyptir af honum. Aðaláfrýjendur þykja bera á því bótaábyrgð óskipt, að þrotabú stefnda fór þannig á mis við þessar eignir.

2. Greiðsla 16. september 1982 75.000,00 krónur á víxilskuld við

Útvegsbanka Íslands. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, þykir bera ábyrgð á þessari ráðstöfun, enda var greiðslan innt af hendi án samráðs við stefnda, Guðmund R. Óskarsson, sem nýtekinn var við starfi skilaneftarmanns.

3. Greiðsla 6. september 1982 til Microtölvunnar sf. 65.070,00 krónur. Með samningnum 24. ágúst 1982 fékk lögmaður félagsins í hendur víxil að fjárhæð 166.666,00 krónur með gjalddaga 28. s.m. Hluta af andvirði víxils þessa varði hann, að fyrirlagi aðaláfrýjenda að ætla verður, til greiðslu á skuldinni við Microtölvuna sf. Telja verður að báðir aðaláfrýjendur beri hér bótaábyrgð óskipt.

4. Samkvæmt bókhaldsfylgiskjölum dagsettum 31. ágúst 1982, 31. október s.á. og 16. nóvember s.á. tók aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, undir sjálfum sér skrifstofumuni upp í ógreidd laun sem reiknaðir eru á 23.700,00 krónur. Þykir hann einn bera bótaábyrgð vegna þessarar töku, enda viðurkennt af stefndu í héraði að aðrir komi ekki hér við sögu.

5., 6., 7. og 9. kröfuliður. Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans á þessum kröfuliðum. Það athugast að samkvæmt héraðsdómi hafði gagnáfrýjandi lækkað kröfulið 6 í 20.364,00 krónur.

8. Fallið var frá þessum kröfulið við málflutning fyrir Hæstarétti.

10. Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans á þessum kröfulið, þ.e. bótaábyrgð aðaláfrýjanda, Leós M. Jónssonar, á 3.000,00 krónum.

Samkvæmt framanrituðu ber aðaláfrýjendunum, Bergi Björnssyni og Leó M. Jónssyni, að greiða gagnáfrýjanda óskipt 720.654,90 krónur (655.584,90 + 65.070,00). Aðaláfrýjanda, Bergi Björnssyni, ber að greiða gagnáfrýjanda 98.700,00 krónur (75.000,00 + 23.700,00) og aðaláfrýjanda, Leó M. Jónssyni, 3.000,00 krónur. Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda. Greiðsluskylda dómfelldu er háð því skilyrði, að þeir komi kröfum sínum að við skipti á búi gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málskostnaður milli gagnáfrýjanda og stefnda, Guðmundar R. Óskarssonar, fellur niður.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum gagnáfrýjanda, þrotabús Skrifstofutækni hf., í máli þessu. Málskostnaður gagnvart honum í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Aðaláfrýjendur, Bergur Björnsson og Leó M. Jónsson, greiði gagnáfrýjanda óskipt 720.654,90 krónur. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, greiði gagnáfrýjanda 98.700,00 krónur og aðaláfrýjandinn, Leó M. Jónsson, 3.000,00 krónur. Allar framangreindar fjárhæðir greiðist með 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 25. s.m., en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma til greiðsludags. Allar framanskráðar greiðslur eru háðar þeim skilmála, að aðaláfrýjendur komi kröfum sínum að við skipti á búi gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

## Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meirihluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel aðaláfrýjendur, Berg Björnsson og Leó M. Jónsson, hafa fellt á sig bótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda með greiðslum þeirra er getur í kröfuliðum nr. 7 og 9 í héraðsdómi.

7. liður. Samkvæmt bókhaldsfylgiskjali dagsettu 13. nóvember 1982 var Máli og menningu afhentur víxill samþykktur af þriðja manni að fjárhæð 10.354,45 krónur til greiðslu á skuld. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, innti greiðsluna af hendi og er viðurkennt af stefndu í héraði að aðrir hafi ekki átt þar hlut að máli. Þykir hann því einn bera bótaábyrgð í þessu tilviki.

9. liður. Greiðsla á innstæðulausum ávísunum til tollstjóra 66.047,97 krónum. Ekki er að fullu ljóst hvenær greiðsla þessi átti sér stað, en lögmaður stefndu í héraði telur það hafa verið 30. ágúst 1982 og uppgjör hans er dagsett 14. september s.á. Hann innti greiðsluna af hendi að fyrirlagi aðaláfrýjenda að telja verður af andvirði víxils, 166.666,00 krónur, er þeir höfðu falið honum. Þykja aðaláfrýjendur bera ábyrgð á þessari greiðslu óskipt.

Ég tel því að dæma eigi aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 786.702,87 krónur og aðaláfrýjandann, Berg Björnsson, 109.054,45 krónur. Að öðru leyti er ég sammála dómsorði í málinu.

### **Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. mars 1986.**

#### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. febrúar 1986, hefur Guðjón Steingrímsson hrl., Hafnarfirði fyrir hönd þrotabús Skrifstofutækni hf., Reykjavík, 8167-7875, höfðað fyrir dóminum hinn 25. júní 1985 gegn Bergi Björnsyni, 1054-9736, viðskiptafræðingi, Ásbúð 78, Garðakaupstað, Leó M. Jónssyni, 6075-7550, framkvæmdastjóra, Nesvegi 13, Hafnahreppi og Guðmundi R. Óskarssyni, 3097-3364, endurskoðanda, Ármúla 40, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 1.014.689,90 með 45% ársvöxtum frá 1. jan. 1983 til 16. sept. s.á., með 37% ársvöxtum frá þ.d. til 18. okt. s.á., með 36% ársv. frá þ.d. til 17. nóv. s.á., með 32% ársv. frá þ.d. til 16. des. s.á., með 25% ársv. frá þ.d. til 20. jan. 1984, með 19% ársv. frá þ.d. til 1. jan. 1985, með 32% ársv. frá þ.d. til 1. febr. s.á., með 39% ársv. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, en þó aldrei lægri vöxtum en dómvöxtum skv. l. nr. 56, 1979 frá þingfestingardegi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og þeim dæmdur málskostnaður. Til vara að stefndu verði sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt mati dómsins. Til þrautavara að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og málskostnaður verði felldur niður.

Með úrskurði dómsins hinn 23. desember 1985 var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

## II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1982 var bú Skrifstofutækni h/f tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni skilanefndar félagsins.

Undanfari þess var samþykkt, sem gerð var á aðalfundi félagsins 4. sept. s.á., um að slíta félaginu, jafnframt því sem stefndu Bergur Björnsson og Guðmundur R. Óskarsson voru kjörnir skilanefndarmenn, en stefndi Bergur hafði verið formaður félagsstjórnar, jafnframt því sem hann hafði verið framkvæmdastjóri félagsins ásamt meðstefnda Leó M. Jónssyni sem einnig átti sæti í stjórn félagsins.

Skilanefndarmennirnir fengu löggildingu til starfans 8. sept. s.á. og var auglýsing um innköllun birt í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 24. sept. s.á.

En áður en kröfulýsingarfresturinn væri útrunninn afhenti skilanefndin bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp 15. nóvember s.á.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 16. febr. 1983, kynnti skiptaráðandi ýmsar fjárhagslegar ráðstafanir sem fyrirsvarsmenn félagsins höfðu gert frá því um miðjan ágúst 1982 og til upphafs gjaldþrotaskipta og sem skiptaráðandi taldi að væru til þess fallnar að um riftun væri að ræða.

Skiptafundurinn samþykkti að höfða mál til riftunar allmargra slíkra ráðstafana og var lögmönnum, Guðjóni Steingrímssyni hrl. og Sigurði G. Guðjónssyni hdl., falið að fara með mál þessi af hálfu búins.

Voru höfðuð alls 11 mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Fjórum af þessum málum var steipt saman og þau rekin sem eitt mál, sem mál nr. 8461/1983: Þrotabú Skrifstofutækni h/f gegn Alþýðubankanum h/f, Gerði Kristjánsdóttur, Leó M. Jónssyni, Bandag-hjólbarðasóluninni h/f, Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni.

Dómur var kveðinn upp 13. júlí 1984 og urðu úrslitin þau að málinu var vísað frá dómi ex officio, þegar af þeirri ástæðu að útrunninn hafi verið málshöfðunarfrestur skv. 68. gr. l. 6/1978 þegar málsóknin hófst hinn 26. ágúst og að hluta 6. september 1983.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms var ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi staðfest með dómi Hæstaréttar þ. 19. október 1984.

Að svo komnu felldi stefnandi hin 7 málin, sem enn voru ódæmd, niður, en þau höfðu verið höfðuð á sama tíma og mál það sem vísað var frá dómi og því sömu annmörkum háð.

Skiptaráðandi boðaði nú til skiptafundar í búinu 10. desember 1984.

Á þessum fundi og framhaldsfundi, sem haldinn var 17. desember s.á., var Guðjóni Steingrímssyni hrl. falið að höfða mál þetta gegn Bergi Björnsyni, Leó M. Jónssyni og Guðmundi R. Óskarssyni til greiðslu skaðabóta skv. hlutafélagalögum og almennum skaðabótareglum.

### III.

Tildrögum gjaldþrotsins er svo lýst í greinargerð stefndu:

„Stefndu Bergur og Leó keyptu meirihluta hlutabréfa í Skrifstofutækni hf. á árinu 1980. Var Bergur kosinn formaður stjórnar, en hann annaðist jafnframt fjármál fyrirtækisins, en Leó, sem kosinn var varaformaður, var gerður að framkvæmdalegum framkvæmdastjóra. Höfst þegar endurskipulagning á rekstri félagsins sem nánar er lýst í dskj. nr. 39. Var hlutafé félagsins aukið á aðalfundi félagsins 3. nóvember 1980 úr gkr. 7.200.000 í kr. 29.000.000, og skrifuðu hluthafar sig fyrir 20.550.000 af þeirri aukningu. Rekstarárið 1980 lofaði góðu þegar það var gert upp, sbr. dskj. nr. 4, en samkvæmt ársuppgjöri félagsins varð hagnaður á árinu gkr. 12.053 þús. Ljóst var þó að greiðslustaða félagsins var slæm vegna skorts á langtímalánum. Hinn 12. janúar 1981 var haldinn stjórnarfundur þar sem allir stjórnarmenn félagsins, þrír að tölu, mættu. Kom þar fram að Alþýðubankinn væri reiðubúinn til þess að lána félaginu 250 - 300 þús. kr. gegn fasteignaveðum. Samþykktu stjórnarmenn að lána félaginu fasteignaveð fyrir gkr. 10 millj. hver. Eru þetta lán þau er stefnandi gerir athugasemd um að greitt hafi verið af. Á aðalfundi félagsins hinn 14. ágúst 1981 var hlutafé félagsins aukið úr kr. 290.000 í kr. 650.000, en sú hlutafjárukning seldist ekki öll og nam innborgað hlutafé í árslok 1981 kr. 585.000 og var það hlutafé óbreytt til loka félagsins.

Þrátt fyrir lántöku þá, er hér var nefnd og hlutafjárukningu, var félagið í fjárþröng vegna mikillar fjárfestingar í hugbúnaði, kostnaðar við innréttingar á húsnæði því er félagið tók á leigu og afhent var tilbúið undir tréverk og bifreiðar- og áhaldakaupa. Versnaði greiðslufjárhlutfall félagsins á árinu 1981, og tap varð á rekstri félagsins að fjárhæð kr. 410 þús. Vegna fjárskorts urðu vanskil á framangreindum lánum félagsins, en þeir Bergur og Leó létu aðrar greiðslur ganga fyrir, enda höfðu þeir trú á fyrirtækinu og framtíð þess allt til hins síðasta. Kemur það fram í því að þeir létu greiðslur, er þeir sjálfir báru ábyrgð á, dragast og bentu meira að segja á eignir sínar til fjárnáms vegna skulda sem þeim hafði ekki tekist að greiða. Má sem dæmi nefna fjárnám er tekið var í eign Leós hinn 12. maí 1982 og 10. júní 1982, sbr. dskj. nr. 6, en greiðsla á þeirri skuld er ein þeirra greiðslna sem stefndu eru krafðir greiðslu á til þrotabúsins. Þegar þeim var ljóst á síðari hluta júnímánaðar að viðbótarfjármagn yrði torsótt, enda í vanskilum við aðalviðskiptabanka sinn, gerðu þeir yfirlit það um starfsemi

félagsins, sem er á dskj. nr. 39, og leituðust við að selja fyrirtækið og auglýstu það til sölu. Margir aðilar gáfu sig fram og tveir stórir aðilar sýndu því sérstakan áhuga, en úr kaupum varð ekki, og virtist þeim Bergi og Leó að skortur á tækniþekkingu til að halda sölu og rekstri hugbúnaðar félagsins áfram væri stærsta vandamál þeirra er sýndu áhuga á kaupum. Endirinn varð sá að þeim tókst ekki að selja hlutabréf félagsins eða eignir þess í einu lagi og var tekinn sá kosturinn að selja hluta eigna félagsins með kaupsamningi hinn 24. ágúst 1982, sbr. dskj. nr. 41. Var síðan ætlunin að leita eftir kaupanda að hugbúnaði félagsins, sem þeir félagar töldu vera að verðmæti 1 - 2 millj. kr. og auk þess önnur umboð félagsins, innréttingar skrifstofuhúsnæðis félagsins og aðrar eignir. Var starfsemi félagsins að öðru leyti lögð niður og hættu starfsmenn félagsins störfum. Var ákveðið að slíta félaginu og var það samþykkt á hluthafafundi 4. september 1982 og skilamenn kosnir, og voru þeir löggiltir með bréfi hlutafélagsskrár dags. 8. september 1982. Fyrsta verk skilaneftdarmannanna var að senda innköllun til Lögbirtingablaðsins, sem þeir gerðu með bréfi dags. 10. september 1982. Þar sem ekki tókst að selja nema lítinn hluta félagsins, sem eftir var, óskaði skilaneftindin eftir að félagið yrði úrskurðað gjaldþrota og var það gert hinn 15. nóvember 1982.“

## IV.

Dómkröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar í aðalatriðum:

1. Vegna greiðslu hinn 8. september 1982 til Alþýðubankans er rann til greiðslu á vanskilaskuldum félagsins sem að mestu voru tryggðar með veðum í eignum stefndu Bergs og Leós ..... kr. 665.584,90
2. Vegna greiðslu hinn 16. september 1982 til Útvegsbanka Íslands á vanskilavíxli félagsins er stefndu Bergur og Leó voru ábekingar á ..... “ 75.000,00
3. Vegna greiðslu hinn 6. sept. 1982 til Microtölvunnar sf. á dómskuld félagsins, en við fjárnámsgerð hinn 29. júní 1982 vísaði stefndi Leó á fasteign sína, Nesveg 12, Höfnum, til tryggingar skuldinni ..... “ 65.070,00
4. Vegna afhendingar skömmu fyrir gjaldþrotið til stefnda Bergs upp í laun á tilteknum skrifstofumunum félagsins metnum á ..... “ 23.700,00
5. Vegna greiðslu bókfærðrar hinn 30.9. 1982 til stefnda Bergs fyrir störf í skilaneftnd ..... “ 39.022,00
6. Vegna greiðslu til Bókhaldstækni hf. hinn 25. ágúst og 31. október 1982 á skuld vegna bókhaldsvinnu ..... “ 38.754,00

|                                                                                                                                                                                                                                 |   |                  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|------------------|
| 7. Vegna greiðslu til Máls og Menningar .....                                                                                                                                                                                   | “ | 10.354,45        |
| 8. Vegna greiðslu hinn 14. sept. 1982 til Iðnaðarbanka Íslands hf. á vixli er legið hafði í bankanum í van-<br>skilum frá 25.12. 1981. Vixillinn var útgefinn af<br>stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó .....               | “ | 18.331,65        |
| 9. Vegna greiðslu (hinn 30. ágúst 1982?) til Tollstjórn-<br>ans í Reykjavík á tveimur innstæðulausum tékkum                                                                                                                     | “ | 66.046,97        |
| 10. Vegna framsals til stefnda Leós hinn 31. ágúst<br>1982 á reikningum að fjárhæð kr. 19.826 á hendur<br>Varnarliðinu og vegna afhendingar til hans á skrif-<br>borði virtu á kr. 3000 upp í launakröfur hans<br>samtals ..... | “ | 22.826,00        |
| Samtals                                                                                                                                                                                                                         |   | kr. 1.014.689,90 |

## V.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndu Bergur og Leó, sem voru stjórnarmenn í félaginu og framkvæmdastjórar þess allt til hins síðasta og Bergur síðar sem skilanefndarmaður, hafi orðið þess valdandi að verulegum hluta eigna félagsins hafi verið ráðstafað til að greiða skuldir félagsins sem þeir báru sjálfir ábyrgð á og þeir þannig ívilnað sjálfum sér á kostnað búins og skuldheimtumanna þess.

Auk þess sem þetta athæfi þeirra sé refsivert skv. 250. gr. sbr. 249. gr. hgl. séu þeir skaðabótaskyldir gagnvart búinu skv. almennum skaðabóta-  
reglum, svo og l. nr. 32/1978, 132. gr.

Kröfur á hendur stefnda Guðmundi R. Óskarssyni eru á því byggðar að hann hafi sem löggiltur skilanefndarmaður í félaginu borið ábyrgð á, jafnvel þótt bein þátttaka verði ekki sönnuð, að fjármunir félagsins hafi komist úr höndum félagsins skömmu fyrir gjaldþrot þegar honum mátti vera ljóst að félagið átti ekki fyrir skuldum.

Um ábyrgð beggja skilanefndarmanna vísar stefnandi einnig til 14. kafla hgl.

Því er haldið fram að með því að taka að sér störf sem skilanefndarmenn hafi þeir undirgengist ábyrgð sem sé almennt ekki minni en ábyrgð stjórnar-  
manns í hlutafélagi, en í þessu tilfelli sé ábyrgð Guðmundar ríkari þar sem hann er löggiltur endurskoðandi og hafi starfað sem slíkur í þágu félagsins.

Auk ábyrgðar skv. almennum skaðabótareglum beri allir stefndu bóta-  
ábyrgð skv. 132. gr. l. nr. 32, 1978, og sé engin ástæða til að færa bótafjár-  
hæð niður skv. 132. gr. 2. mgr.

Um frekara eðli ábyrgðar stefndu skv. hlutafélagalögum vísar stefnandi til 52. gr. 2. mgr., 60. gr. og 120. gr. laganna.

Af hálfu stefndu er varakrafa um sýknu einkum studd þeim röksemdum, að stefndu hafi ekki gerst sekir um skaðabótaskyldan verknað, hvorki samkvæmt almennu skaðabótareglunni né l. nr. 32/1978. Er því sérstaklega mótmælt að stefndu hafi ívilnað sér á kostnað búsins eða skuldheimtumannanna þess. Þvert á móti hafi það verið með hag félagsins fyrir brjósti, sem stefndu Bergur og Leó lánuðu félaginu veð í fasteignum sínum, svo að félagið fengi aukið rekstrarfé. Dráttur á greiðslu afborgana og vaxta af lánum þessum hefði heldur ekki orðið stefndu til hagsbóta. Fyrir liggi að stefndu hafi látið lán þau, er þeir voru ábyrgir fyrir, dragast á meðan aðrar greiðslur voru ógreiddar. Það hafi ekki verið fyrr en að bjóða átti upp eignir félags og eins hluthafa Bandag hf., er lánað hafði félaginu veð, að þeir létu Skrifstofutækni hf. greiða skuldir þessar, enda hafi kröfur þessar ótvírætt verið þær mest áriðandi að greiddar væru, auk þess sem þar með hafi verið gert upp við aðalviðskiptabanka félagsins sem ekki veitti félaginu frekari fyrirgreiðslu vegna vanskila þess. Ráðstöfun stefnda Bergs Björnssonar á kaupverði samkvæmt kaupsamningi frá 24. ágúst 1982 hafi því verið eðlileg eins og á stóð, enda hafi eigendur félagsins á þeirri stundu verið fullvissir um að eignir félagsins myndu seljast fyrir skuldum þess.

Fyrir liggur að stefndu Leó og Bergur hafi sjálfir orðið persónulega fyrir miklu tjóni, þar sem þeir hafi orðið að taka á sig verulegar skuldir félagsins sem þeir höfðu tekið ábyrgð á. Megi þar nefna Alþýðubankann og Iðnlánasjóð, en auk þess hafi þeir og eiginkonur þeirra tapað öllu hlutfé sínu.

Að því er varði Leó M. Jónsson sérstaklega, þá sé upplýst í málinu að hann hafi ekki annast fjármál félagsins og ekki komið nálægt þeim greiðslum er stefnt er út af í máli þessu.

Að því er varði Guðmund R. Óskarsson, þá sé einnig upplýst í máli þessu að umræddar greiðslur hafi verið greiddar án hans tilstillis. Komi það fram í skjölum málsins og yfirheyrslum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að helstu greiðslurnar hafi verið greiddar áður en skilaneftarmennirnir fengu löggildingu og tóku til starfa og aðrar greiðslur án þess að leitað væri eftir samþykki hans.

Eins og mál þetta liggi fyrir sé ljóst að hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, þá hafi hann sjálfur valdið því með því að hefja ekki nauðsynlegar aðgerðir innan tilskilins tíma. Hljóti hann því sjálfur að verða að bera meint tjón sitt, enda verði ábyrgð stefndu aðeins til vara sbr. meginreglu 2. mgr. 110. gr. l. 32/1978.

Þrautavarakrafa stefndu um að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og málskostnaður verði felldur niður er einkum studd þeim rökum að samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi þrotabú aldrei rétt til hærri greiðslu en nemur tjóni búsins. Í máli þessu krefji stefnandi stefndu um fjárhæð er nemi þeim greiðslum er greiddar voru af félaginu í ágúst

og september 1982. Ljóst sé að hefðu þessar greiðslur ekki verið greiddar hefðu kröfuhafar þessir lýst kröfum sínum og þá hefðu skuldir búsins hækkað sem því nemur. Miðað við kröfu stefnanda hefði því borgað sig fyrir stefndu að láta félagið strax í gjaldþrot, en þá hefði sala sú sem fram fór 24. ágúst 1982 sjálfsagt ekki átt sér stað.

Eins og áður sé fram tekið hafi stefndu Bergur og Leó tekið á sig verulegar skuldir vegna félagsins, og séu eignir þeirra enn í dag undir hamrinum vegna þeirra. Þá hafi þeir tapað öllu hlutafé sínu. Því sé lækkunarskilyrði 2. mgr. 132. gr. hgl. fyrir hendi, sbr. 65. gr.laga nr. 6/1978.

Við munnlegan málflutning var sú yfirlýsing lögmanns stefnanda bókuð, „að ef stefndu verði dæmdir til greiðslu dómkrafna verði þeir kröfuhafar í búið“.

## VI.

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson bar við aðilayfirheyrslu að afskipti sín af félaginu áður en hann varð skilanefndarmaður, hefðu verið þau að hann hafði gert skattframtöl fyrir félagið samkvæmt bókhaldsgögnum, yfirleitt frágengnum, er hann hefði fengið í hendur. Milli framtala hefðu afskipti sín engin verið. Hann kvaðst ekkert hafa komið nálægt sölunni hinn 24. ágúst 1982. Það hafi verið fyrstu dagana í september sem Bergur hringdi og bað hann að vera skilanefndarmaður. Síðan hafi sér borist löggildingarbréfið og strax gefið út innköllun, en hana undirritar hann 10. september. Þeim Bergi hafi komið saman um að grundvöllur starfa skilanefndar væri sá að reikningsuppgjör lægi fyrir og Bergur tekið að sér að færa það að fullu upp.

Hinn 20. september hafi þeir skilanefndarmennirnir komið saman og þá hafi verið gengið frá sölu á einu umboði til Hans Árnasonar á kr. 80.000, þ.e. viðhaldssamningi vegna Olivettivéla og tækjum og gögnum því viðkomandi.

Bergur hafi lokið við að færa upp bókhaldið í byrjun nóvember. „Bergur sendi mér stöðulista yfir bókhaldið eins og það stóð þá. Ég þóttist sjá það fljótlega að það væru tæpast skilyrði til að slíta því með þeim hætti sem þeir höfðu ætlað og lagði til fljótlega upp úr því, að visu eftir að hafa spurt hann út í skuldastöður og skoðað einnig innsendar kröfulýsingar, að þetta yrði að fara með til skiptaráðanda. Fljótlega upp úr því gerðum við það. Síðan hef ég í raun ekki haft afskipti af þessu máli.“

Er stefndi Guðmundur var spurður nánar um hvort honum hefði verið kunnugt um greiðslur þær er mál þetta snýst um, þ. á m. ráðstöfun víxla þeirra er félagið fékk með samningnum 24. ágúst, svaraði hann:

„Ég hafði raunverulega ekki önnur afskipti af þessu en ég hef þegar rakið og mér voru ókunnug þessi viðskipti sem ágreiningur virðist standa um,

að mestu leyti nema ef að vera skyldi þarna reikningur fyrir bókhald til Bergs. Ég man ekki eftir öðru, þessi tilvitnuðu atriði sem þú nefndir, ég kannast ekki við það.“

Stefndi Guðmundur kvaðst hafa fengið kr. 2.000 eða þar um bil fyrir framangreind störf sín. Hann kvaðst hafa mætt hjá skiptaráðanda við fyrirtöku á gjaldþrotaskiptabeiðninni og afhent bókhaldsgögnin. Ekki kvaðst hann hafa látið neinar athugasemdir fylgja.

## VII.

Skal nú vikið að rökstuðningi lögmannna aðila um hina 10 liði dómkröfu stefnanda, sbr. kafla IV hér að framan:

### 1. *Alþýðubanki Íslands hf.*

Um þennan kröfulið segir í stefnu:

„Stefndi Bergur Björnsson skýrði frá því fyrir skiptarétti 17. nóv. 1982 að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum fyrir gjaldþrotið áður en rekstur félagsins var lagður niður reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs.“

Hins vegar hafi þeir með kaupsamningi dags. 24. ágúst s.á. selt Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni all-verulegan hluta eigna félagsins.

Með samningi þessum, sem er undirritaður af stefndu Bergi og Leó, seldi félagið 3 Superbrain tölvur, 1 Apson prentara, 1 telexprentara, 1 ljósritunarlúka, innréttingar og húsgögn og ýmis önnur tæki og varahluti, jafnframt því sem kaupendur yfirtóku viðhaldssamninga seljanda á Xerox ljósritunarlúkum og þjónustu fyrir nokkur erlend umboð. Ennfremur voru ákvæði um enn frekari afhendingu eigna í samningi þessum.

Kaupverð hinna seldu eigna skv. samningi þessum var kr. 1.000.000,00, og var það greitt með sex víxlum nánar þannig:

|    |            |           |       |                |
|----|------------|-----------|-------|----------------|
| 1. | Víxill pr. | 28/08 '82 | ..... | kr. 166.666,00 |
| 2. | “ “        | 03/09 '82 | ..... | kr. 166.666,00 |
| 3. | “ “        | 13/09 '82 | ..... | kr. 166.667,00 |
| 4. | “ “        | 27/09 '82 | ..... | kr. 166.667,00 |
| 5. | “ “        | 04/10 '82 | ..... | kr. 166.667,00 |
| 6. | “ “        | 18/10 '82 | ..... | kr. 166.667,00 |

Með bréfi dags. 8. sept. 1982, eða sama dag og löggilding fyrir skilafélagarmenn félagsins var gefin út, sendi stefndi Bergur lögmanni Alþýðubankans h/f, Guðjóni Ármanni Jónssyni hdl., 4 síðast töldu víxlana, alls að fjárhæð kr. 666.668,00.

Segir í bréfinu að víxlarnir gangi til greiðslu á víxli pr. 7/12 '81, kr.

100.000,00, en afgangurinn gangi að jöfnu upp í vanskilalán Skrifstofu-  
tækni, sem eru með 3 fasteignaveðum.

Í samræmi við þetta afreiknaði bankinn víxlana og ráðstafaði virðinu  
þannig:

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| 1. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150054 hjá bankanum<br>skv. veðskuldabréfi upphaflega kr. 100.000,00 útg.<br>18.2.81 með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, Hafnar-<br>hreppi, eigandi Leó M. Jónsson, annar framkvæmdar-<br>stjóra félagsins og stjórnarmaður. Greiddar voru<br>fallnar afborganir og vextir pr. 15.08.81, pr. 15.02.82<br>og 15.08.82 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls | kr. 132.726,00 |
| 2. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150053 skv. veðskulda-<br>bréfi dags. 18.02.81, upphaflega kr. 100.000,00 með 8.<br>veðrétti í fasteigninni Ásbúð 48, Garðabæ, eigandi<br>Gerður Kristjánsdóttir, eiginkona stefnda Bergs<br>Björnssonar. Greiddar voru fallnar afborganir pr.<br>15.08.81, 15.02.82 og 15.08.82 ásamt dráttarvöxtum og<br>kostnaði, alls .....                                 | kr. 131.696,00 |
| 3. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150064 útg. 9. mars<br>1981, upphafl. kr. 100.000,00 með 3. veðr. í fasteign-<br>inni Krókhálsi 1, Reykjavík, eig. Bandag-hjólbarða-<br>sóluninni h/f. Greiddar voru afborganir pr. 09.09.81,<br>09.03.82 og 09.09.82 ásamt dráttarvöxtum og kostn-<br>aði, alls .....                                                                                          | kr. 125.153,00 |
| 4. Til greiðslu vanskilavíxils að fjárhæð kr. 100.000,00<br>samþ. af félaginu pr. 7.12.81, en skuldin var tryggð<br>með fjárnámsgerð í Nesvegi 13, Hafnahreppi, eign Leó<br>M. Jónssonar, samtals með dráttarvöxtum og kostn-<br>aði, alls .....                                                                                                                                                     | kr. 160.099,00 |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | kr. 549.674,00 |
| 5. Varið til jafnra innborgana inn á eftirst. framan-<br>greindra 3ja skuldabréfa .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | kr. 105.910,90 |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | kr. 655.584,90 |

Með því að nota víxla, sem komu út úr sölu félagsins á mestum hluta  
eigna félagsins til að greiða Alþýðubankanum h/f skuldir félagsins, sem  
stefndi Bergur eða eiginkona hans, stefndi Leo og Pétur Rafnsson, hluthafi  
í félaginu og fyrrverandi stjórnarmaður, báru ábyrgð á, varð félagið svipt  
verðmætum sem áttu að nýtast öllum skuldheimutmönnnum jafnt í hlutfalli  
við kröfur þeirra og stöðu í skuldaröð.

Þessi ráðstöfun er þeim beinlinis refsiverð skv. 250. gr. 4. tl. hgl. og bera þeir þar af leiðandi einnig skaðabótaábyrgð á afleiðingum hennar.

Stefndi Bergur sendi lögmanni bankans vixlana með bréfi dags. 8. sept. 1982, en þann dag var löggilding skilaneftarmanna einmitt gefin út.

Á þessu stigi málsins er ekki upplýst hvort stefndi Guðmundur R. Óskars-son vissi um þessa ráðstöfun er hún var gerð, en honum hefði verið í lófa lagið að afturkalla hana áður en bankinn keypti vixlana, sem hann ekki gerði, svo að félagið varð bundið af henni og síðan búið. Af þessu leiðir að stefndi Guðmundur verður bótaskyldur gagnvart búinu vegna þessarar ráðstöfunar, óskipt ásamt öðrum stefndum.

Bótakrafa skv. þessum lið er kr. 655.584,90.“

Af hálfu stefndu er því haldið fram, „að eðlilegt hafi verið af stefnda Bergi að afhenda Alþýðubankanum umrædda vixla. Krafa stefnanda felur í sér að búið myndi haganst, ef krafan væri tekin til greina. Sérstaklega skal bent á, að í kröfu stefnanda felst krafa um greiðslu á vixli, sem stefndu höfðu ekki gerst vixilskuldarar að. Af gögnum málsins má sjá, að greiðslan er ekki ákvörðuð af skilaneftnd félagsins og verður því ekki lögð ábyrgð á skilaneftndina sem slíka vegna greiðslu þessarar. Um þá málsástæðu stefnanda, að stefnda Guðmundi hafi borið að afturkalla greiðsluna áður en bankinn keypti vixlana, vísast til þess er áður er sagt um að þrotabúið fékk sjálfst möguleika á að endurheimta greiðsluna í tæka tíð, en nýtti sér ekki þann rétt sinn. Í máli stefnanda gegn Alþýðubankanum, stefndu Bergi og Leó o.fl., er stefnt var fyrir bæjarþing Reykjavíkur, féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur þeim Bergi og Leó hinn 26. apríl 1984. Getur hann af þeim sökum ekki sótt þá til greiðslu sömu kröfu í máli þessu.“

## 2. Útvegsbanki Íslands.

„Þ. 16. sept. 1982 greiddi stefndi Bergur Útvegsbanka Íslands skuld skv. vixli, sem Skrifstofutækni h/f hafði áður samþykkt til greiðslu pr. 16/6 '82 og lá í vanskilum í bankanum. Vixillinn var útgefinn af stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó. Var vixillinn greiddur af fé félagsins sem fengist hafði við sölu eigna félagsins. Greiðslan var alls að fjárhæð kr. 91.606,97 ...

Þessi greiðsla til Útvegsbankans kom þeim stefndu Bergi og Leó beinlínis til góða þar sem þeir báru báðir persónulega ábyrgð á skuldinni.

Greiðslan fór fram 16. sept. 1982 eða á þeim tíma sem félagið var til meðferðar hjá skilaneftnd.

Skilaneftndarmaðurinn Guðmundur R. er því ábyrgur óskipt með öðrum stefndum fyrir skuldinni sem er kr. 91.606,97.“

Andsvör af hálfu stefndu eru þessi:

„Eins og fram kemur í stefnu er um að ræða greiðslu sem Bergur innti

af hendi án samráðs við stefnda Guðmund og er hún því ekki greidd af skilanevnd sem slíkri. Ekki er um ofgreiðslu að ræða, en um vanskilaskuldir var að ræða. Athygli skal vakin á því, að greiðsla 17. september 1982 að fjárhæð kr. 16.606,97, er skuldfærð af hlaupareikningi félagsins í Útvegsbanka Íslands, en bankanum hefði verið í lófa lagið að skuldajafna greiðslu þessari af hlaupareikningnum hvenær sem var. Í bréfi Útvegsbanka Íslands, dskj. nr. 67, kemur fram að greiðsla að fjárhæð kr. 75.000 hafi verið með tékka útgefnum af Bergi persónulega. Er ekki upplýst á hvern hátt Skrifstofutækni hf. greiddi fjárhæð þessa. Um lið þennan gildir það sama og um aðra liði, að stefnandi færði sér ekki í nyt rétt sinn til að endurkrefja Útvegsbanka Íslands í tæka tíð og glataði þar með þeim rétti sínum. Ábyrgð Bergs eða annarra getur ekki verið önnur en einföld ábyrgð.“

Stefnandi lækkaði þennan kröfulið í kr. 75.000,00 við munnlegan flutning.

### 3. *Microtölvun s/f.*

„Félagið skuldaði Microtölvunni s/f og var skuldin orðin að fjárhæð kr. 104.077,76 í ágúst 1982, en við fjárnámsgerð 29. júní s.á. vísaði stefndi Leó á fasteign sína, Nesveg 12, Höfnum, til tryggingar skuldinni.

Þann 6. sept. s.á. greiddi Helgi V. Jónsson hrl., sem hafði annast samningsgerð félagsins við Örn Johnson og Ólaf S. Sigurðsson, sbr. hér að framan, lögmanni Microtölvunnar s/f, Jóni Halldórssyni hdl., skuldina að fullu með kr. 65.070,00, en fasteign Leós var þá komin að því að vera seld á öðru og síðasta nauðungaruppbóði. Þessar kr. 65.070,00 voru greiddar af inneign félagsins hjá Helga vegna sölu á eignum félagsins ...

Sú ráðstöfun lögmanns félagsins að greiða Microtölvunni s/f skuld sem stefndi Leó var ábyrgur fyrir hefur vafalaust verið gerð að fyrirmælum hans sjálfs eða meðstefnda Bergs. Greiðsla fór fram 6. sept. 1982 eða aðeins 2 dögum fyrir löggildingu skilanevndar. Greiðslan kom stefnda Leó beinlínis til góða og öðrum skuldheimtumönnum í búinu til tjóns og verður til þess að stefndu verða allir bótaskyldir hennar vegna óskipt, stefndi Guðmundur R. vegna þess að hann gerði ekkert til að afturkalla hana, hafi hann þá ekki beinlínis vitað um hana þegar hún fór fram.“

Andmæli stefndu eru svofelld:

„Þegar um greiðslu þessa var samið hafði skilanevnd ekki verið kjörin. Hinsvegar hafði hún verið kjörin þegar greiðsla fór fram hinn 6. september 1982, en hafði þá ekki tekið til starfa. Eins og greiðslan ber með sér sló kröfuhafinn af kröfunni, en samningar um upphæð hennar höfðu staðið í um viku. Vakinn er athygli á því að stefndi Leó hafði bent á fasteign sína til tryggingar skuldinni þegar fjárnáms var krafist fyrir henni. Átti sala á fasteigninni að fara fram 9. september 1982.“

#### 4. Greiðslur til stefnda, Bergs Björnssonar upp í laun.

„Við athugun á bókhaldi félagsins eftir að skipti byrjuðu kom í ljós, að Bergur hafði skömmu fyrir gjaldþrot fengið afhentar upp í laun 2 rafmagnsritvélar, 4 skrifborð, skáp og 40 ferm. gólfteppi, alls virt á kr. 23.700,00, eða nánar þannig:

|                                                                                                          |          |           |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|-----------|
| a. Skv. fylgiskjali nr. 4039 dags. 16/11 notuð rafmagnsritvél P-48 .....                                 | kr.      | 3.000,00  |
| b. Skv. fylgiskj. nr. 3996 dags. 31/8 '82 notað skrifborð og skápur .....                                | kr.      | 4.500,00  |
| c. Skv. fylgiskj. nr. 4034 dags. 31/10 '82 3 skrifborð, ca. 40 ferm. gólfteppi og 1 notuð rafmagnsritvél | kr.      | 16.200,00 |
|                                                                                                          | Alls kr. | 23.700,00 |

Með því að taka umrædda hluti undir sjálfum sér upp í ógreidd laun hefur stefndi Bergur beinlínis brotið gegn 250. gr. 4. mgr. hgl. og verður jafnframt bótaskyldur.

Telja má víst að stefndi Leó hafi um þetta vitað svo að bótaábyrgð fellur einnig á hann.

Þá verður stefndi Guðmundur R. ábyrgur skv. þessum lið þar sem ráðstöfunin var gerð í tíð hans sem skilanefndarmanns.

Bótakrafa skv. þessum lið er kr. 23.700,00.“

Af hálfu stefndu er því haldið fram að hér sé í raun um riftunarmál að ræða sem of seint sé höfðað, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur og Hæstaréttar. Aðrir en Bergur hafi hér ekki komið við sögu.

#### 5. Greiðslur til Bergs Björnssonar fyrir störf í skilanefnd.

„Í ljós kom að stefndi Bergur hefur greitt sjálfum sér rétt áður en skipti hófust (bókað 30/9 '82) þóknun fyrir störf í skilanefnd að fjárhæð kr. 48.614,00 ...

Bótakrafa skv. þessum lið er á því byggð að störf stefnda Bergs í skilanefnd hafi ekki verið þess verð að hann eigi nokkur laun skilið fyrir þau og beri honum því að endurgreiða búinu þessa fjárhæð.

Því er haldið fram að greiðslan hafi verið ólöglegt að öðru leyti eins og komið var fyrir félaginu og að hún hafi verið gerð með samþykki meðstefndra Leós og Guðmundar R. og séu þeir því ábyrgir óskipt ásamt stefnda Bergi fyrir kröfunni kr. 48.614,00.“

Um þennan lið segir í greinargerð stefndnu:

„Sama gildir og um lið 4 hér að framan. Ekki liggur fyrir álit skiptaréttar á því hvað hann taldi hæfilega greiðslu til Bergs fyrir skilanefndarstörf, en óvæfengjanlegt er að hann vann feikilegt starf í sambandi við tilraunir

sinar til að selja eignir félagsins, eða hlutafé þess, þó að það að lokum bæri ekki árangur nema að litlu leyti. Þeir Leó og Guðmundur komu hér ekki nærri.“

Við málflutning lækkaði lögmaður stefnanda þennanlið í kr. 39.022,00 með því að leiðrétta útreikningsskekkju.

#### 6. *Greiðslur til Bókhaldstækni h/f.*

„Þann 25. ágúst og 31. okt. 1982 greiddi stefndi Bergur Bókhaldstækni h/f skuld Skrifstofutækni h/f vegna bókhaldsvinnu með víxlum, sem félagið átti vegna seldra eigna félagsins, alls að fjárhæð kr. 39.442,10.

Stefndi Bergur var á þessum tíma aðaleigandi og fyrirsvarsmaður Bókhaldstækni h/f ...

Því er haldið fram að með því að taka undir sjálfum sér fjárhæð skv. þessum lið til handa fyrirtæki sínu, Bókhaldstækni h/f, sé stefndi ábyrgur gagnvart búinu og beri að endurgreiða fjárhæðina, in solidum með öðrum stefndu kr. 39.442,10.

Greiðslur eru bókaðar 25.08.82 og 30.10.82 eða á tíma skilaneftndarmanna og er stefndi Guðmundur R. því einnig ábyrgur.“

Í greinargerð stefndu segir:

„Bókhaldstækni hf. vann uppgjör fyrir skilaneftndina, sem einnig var notað af skiptarétti. Hlýtur fyrirtækið að hafa átt rétt til greiðslu fyrir það verk.“

Við málflutning leiðrétti lögmaður stefnanda þennan lið og lækkaði hann í kr. 20.364,00.

#### 7. *Greiðslur til Máls og Menningar með víxli.*

„Stefndi Bergur afhenti Máli og Menningu víxil samþ. af 3ja manni, en víxill þessi var eign félagsins og var að fjárhæð kr. 10.354,45 ...

Greiðsla þessi er bókuð 13.11.82 og eru stefndu Bergur og Guðmundur R. solidarískt ábyrgir fyrir skuldinni, sem er kr. 10.354,45.“

Um þennan lið segir lögmaður stefndu:

„Um er að ræða greiðslu víxils, er gjaldféll hinn 10. júní 1982. Greiðslan er hagstæð að því leyti, að hún er vaxtalaus og á sér stað með víxli. Á þessum tíma er ekki búið að taka ákvörðun um gjaldþrot. Leó og Guðmundur komu ekki nærri þessari greiðslu.“

#### 8. *Greiðsla víxilskuldar við Iðnaðarbanka Íslands h/f.*

„Hinn 14. september 1982 greiddi stefndi Bergur Iðnaðarbanka Íslands h/f skuld skv. víxli að fjárhæð kr. 20.000,00 sem lá í bankanum í vanskilum frá 25/12 '81. Víxillinn var útgefinn af stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó. Alls voru greiddar kr. 18.331,65 ...

Greiðslan var innt af hendi á tíma skilaneftndarinnar og eru allir stefndu óskipt ábyrgir. Fjárhæðin er kr. 18.331,65.“

Lögmaður stefndu segir:

„Hér var um að ræða vanskil allt frá desember 1981, og var greiðsla þeirra hagkvæm að því leyti, að bankinn gerði aðeins kröfu um hálf innheimtulaun. Greiðslan var innt af hendi af Bergi persónulega og liggur ekki fyrir hvernig Skrifstofutækni hf. greiddi hana. Málið var ekki afgreitt af skilaneftnd og Leó kom hér ekki heldur nærri.“

#### 9. *Greiðsla innstæðulausra tékka til Tollstjórans í Reykjavík.*

„Helgi V. Jónsson hrl., sem hafði annast samningsgerð á eignum félagsins, greiddi Tollstjóranum í Reykjavík skuld vegna 2 innstæðulausra tékka-ávísana. Greiðslan var að fjárhæð kr. 66.046,97 og var hluti af andvirði víxils, sem Helgi hafði selt fyrir félagið og stafaði af sölu eigna þess skömmu fyrir gjaldþrot ...

Umrædd greiðsla var innt af hendi 14.09.82 og er á ábyrgð skilaneftndarmanna, sem verða báðir ábyrgir óskipt fyrir upphæðinni, kr. 66.047,00.“

Lögmaður stefndu segir:

„Umrædd greiðsla var ekki innt af hendi á ábyrgð skilaneftndarmanna, enda var hún ákveðin um leið og kaupsamningurinn 24. ágúst var frágenginn. Kvittun tollstjóra, dskj. nr. 19 ber ekki greinilega með sér hvenær greiðslan átti sér stað, en kvittunin virðist vera dags. 30. ágúst 1982. Greiðslan getur aldrei talist á ábyrgð Leós né Guðmundar.“

#### 10. *Framsal reikninga á hendur Varnarliðinu til Leós M. Jónssonar og afhending skrifborðs til hans.*

„Fram hefur komið í bókhaldi félagsins að 31. ágúst 1982 hafi stefndi Leó fengið framselda reikninga á hendur Varnarliðinu að fjárhæð kr. 19.826,00 og enn fremur hafi hann fengið notað skrifborð, virt á kr. 3.000,00, upp í launakröfu sína, en alls er þetta kr. 22.826,00 ...

Umrædd greiðsla fór fram í tíð skilaneftndar og því á ábyrgð beggja skilaneftndarmanna og stefnda Leós sjálfs in solidum.“

Lögmaður stefndu segir:

„Hér er um misskilning stefnanda að ræða. Eins og fram hefur komið í yfirheyrslum í bæjarþingi Reykjavíkur, er samningur milli varnarliðsins og Xerox corp. í Bandaríkjunum um leigu á ljósritunarvélum og er í leigugreiðslum varnarliðsins innifalinn viðhaldskostnaður. Xerox corp. gerði hins vegar samning um viðhaldið við Leó persónulega og hefur Leó keypt hluta af viðhaldinu frá Skrifstofutækni hf. Reikningar stílaðir á Leó vegna varnarliðsins, sbr. dskj. nr. 8 áttu því að greiðast af Leó, en ekki varnarliðinu, eins og stefnandi virðist álíta.“

Sem áður greinir var aðalkröfu stefndu um frávísun hrundið með úrskurði uppkveðnum 23. desember 1985. Ekki fær dómariinn séð að upplýsingar þær, er greinir í 3. mgr. 108. gr. 1. 75/1936, hafi síðan komið fram í málinu, og verður því ekki frekar um frávísunarkröfuna fjallað að öðru leyti en því að rekja helstu málsástæður. Af hálfu stefndu, sem töpuðu frávísunarþættinum, voru þær svo fram settar í greinargerð þeirra:

„Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndu Bergur og Leó sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Skrifstofutækni hf. hafi valdið stefnanda tjóni með greiðslum félagsins til tiltekinna kröfuhafa og séru þeir bótaskyldir samkvæmt almennum skaðabótareglum, svo og lögum nr. 32/1978, 132. grein.

Í 132. grein hfl. er sérregla um skaðabótaábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í hlutafélögum. Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. greinarinnar er það skilyrði fyrir bótaábyrgð, að viðkomandi stjórnarmenn hafi brotið gegn ákvæðum laganna eða samþykktum félagsins. Stefnandi hefur ekki í máli sínu greint frá hvaða ákvæði laganna eða samþykkt félagsins stefndu hafi brotið, önnur en að hann tilgreinir 52. gr. 2. mgr., 60. gr. og 120 gr. hlutafélagalaganna, en ljóst er að stefndu hafa ekki brotið þær lagagreinar. Stefnandi hefur heldur ekki greint nánar frá því hvaða almennar skaðabótareglur stefnandi ætlar að bera fyrir sig. Hlýtur því að bera að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar.

Þegar mál þetta er höfðað var liðinn málshöfðunarfrestur sá er tilnefndur er í 2. mgr. 134. gr. hfl. og ber því að vísa máli þessu frá dómi af þeim sökum. Skal í þessu sambandi sérstaklega mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að allir stefndu hafi gerst sekir um hegningarlagabrot. Hafi svo verið bar skiptaráðanda að óska opinberrar rannsóknar samkvæmt 4. tl. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ljóst er að stefnandi getur ekki átt lengri málshöfðunarfrest gagnvart stefndu en gagnvart þeim er fengu viðkomandi greiðslur. Með því að nota ekki málshöfðunarrétt sinn í tæka tíð er ábyrð stefndu, sé hún á annað borð einhver, niður fallin, enda hefði hún aldrei getað verið nema til vara.

Mál þetta að því er varðar kröfuliði nr. 4 og 5 er í raun riftunarmál sem bæjarþing Reykjavíkur og Hæstiréttur hafa talið of seint höfðað og vísað frá dómi, sbr. dskj. nr. 61 og 62. Ber að vísa þessum liðum frá dómi af þessari ástæðu.

Ákvörðun um málshöfðun þessa er tekin á skiptafundi hinn 17. desember 1984, sbr. dskj. nr. 30, þar sem aðeins lögmaður stefnanda var viðstaddur, en hann var upphaflega fulltrúi kröfuhafa með lýsta kröfu að fjárhæð kr. 4.891. Var þess ekki gætt að boða til þessa fundar eins og fyrir er mælt í 96. gr. laga nr. 6/1978 og ekki var sérstök tilkynning send stefndu, eins

og mælt er fyrir um í 2. tl. 96. gr. Getur málssókn þessi því ekki byggst á ákvörðun þessa skiptafundar og ber því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur stefnda Guðmundi á því að hann hafi látið það viðgangast, án sannaðrar beinnar þátttöku, að fjármunir félagsins hafi komist úr höndum félagsins skömmu fyrir gjaldþrot. Ber að skilja málflutning stefnanda svo, að hann telji að stefnda Guðmundi hafi borið að ná til baka hinum umgetnu greiðslum, sem að langmestu leyti voru inntar af hendi áður en hann var löggiltur sem skilaneftndarmaður og án hans vitundar, eins og fram kemur í framburði Bergs fyrir dómi. Hlýtur þessi málflutningur stefnanda að fela í sér að hann telji að stefnda Guðmundi hafi borið að krefjast riftunar á hinum tilgreindu greiðslum eða höfða riftunarmál til ógildingar þeirra. Þessari málsástæðu stefnanda er mótmælt. Félagið var afhent skiptarétti sem gjaldþrota 68 dögum eftir að stefndu Guðmundur og Bergur voru löggiltir sem skilaneftndarmenn félagsins. Var því þrotabúinu sjálfu í lófa lagið að rifta greiðslum þessum og gæta sinna hagsmuna varðandi þessar greiðslur. Þessi réttur var ekki notaður í tæka tíð eins og áður er rakið og hefur því búið sjálft valdið sínu tjóni, hafi það á annað borð átt einhvern rétt á hinum tilgreindu greiðslum. Málshöfuðunarfrestur á hendur Guðmundi getur ekki verið lengri en gegn hinum raunverulegu aðilum málsins, þ.e. þeim er fengu greiðslurnar, enda getur ábyrgð Guðmundar aldrei verið nema til vara. Hlýtur því að verða að vísa máli þessu frá að því er varðar stefnda Guðmund. Athygli skal á því vakin að Guðmundur var aldrei boðaður til skiparáðanda til skýrslugjafar.

Ábyrgð skilaneftndarmanna getur ekki orðið ríkari en stjórnar félagsins og væri óeðlilegt að málshöfuðunarfrestir væru rýmri en um getur í 2. mgr. 134. gr. hl. gagnvart skilaneftndarmönnum. Vísast því að því er þá varðar til frá-vísunarkröfu í tl. 2 hér að framan.“

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að 68. gr. gjaldþrotalaga fjalli um riftun en ekki bótakröfur. Að ósanngjarnt væri að láta þá njóta frestsins sem hafa framið bótaskyld (og jafnvel sviksamlegt) athæfi. Tilgangur ákvæðisins sé tæpast sá að hjálpa slíkum aðilum. Ef málið teljist of seint höfðað þá sé það sýknu- en ekki frá-vísunarástæða. Stefndu vitni ranglega í 2. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga, en það lagaákvæði eigi hér ekki við. Skiptafundur hafi verið auglýstur í Lögbirtingablaði. Annar töluliður 96. gr. l. 6/1978 eigi hér ekki við. Málsástæðan um stefnda Guðmund sé efnisvörn nema málshöfuðunarfresturinn en umræddur málshöfuðunarfrestur gildi ekki um hann. Um skilaneftndarmenn gildi sama ábyrgðarreglan og um stjórnarmenn.

#### *Álit réttarins:*

Samkvæmt skrá um lýstar kröfur er fram var lögð á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983, námu lýstar kröfur samtals kr. 3.026.218,00 auk danskra

kr. 12.092 og norskra kr. 13.842,27, og skiptust þannig, að krafa er lýst var utan skuldaraðar var kr. 34.554,00, lýst sem forgangskröfum kr. 527.812,00, lýst sem almennum kröfum kr. 2.463.852,00. Allar þessar kröfu-fjárhæðir eru uppreiknaðar með vöxtum og kostnaði til upphafsdags skipta, þar sem þess var krafist. Af þessum kröfum sýnist skiptaráðandi hafa hafnað almennri kröfu kr. 51.113,00 að svo stöddu, og fært kröfu þá, er lýst var utan skuldaraðar og nokkrar forgangskröfur í röð almennra krafna.

Samkvæmt vottorði skiptaráðanda dags. 16. apríl 1984 um eignastöðu umrædds þrotabús var brúttóeign þess þá kr. 195.968,62, en að fráðregnum 3.785,00 króna skiptakostnaði og 25.000,00 króna útlögðum kostnaði vegna málsóknar taldist nettóeign búsins kr. 167.183,62.

Eftir þessu hefur andvirði eigna félagsins verið að stærstum hluta varið til þess að greiða kröfur þær er mál þetta snýst um. Eftir því hefur sú orðið raunin á að kröfuhafar félagsins hafa orðið mjög misjafnlega settir vegna greiðslna þeirra er mál þetta snýst um.

Um nokkra af hinum 10 stefnuliðum gegnir því máli, að þar var um greiðslu skulda að ræða, sem stefndu Bergur og Leó, stjórnarmenn og aðal-eigendur félagsins, voru persónulega ábyrgir fyrir, eða voru veðtryggðar í eignum þeirra.

Samkvæmt því sem fram er komið í máli þessu verður ekki talið að þeir hafi síðsumars 1982 getað verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins. Þvert á móti verður að telja, að þegar þeir komu sér hjá að leysa til sín umræddar ábyrgðar- eða veðkröfur og komu sér þannig hjá að gerast um þær kröfuhafar í fyrirsjáanlegt þrotabú félagsins, þá hafi þeir vitað eða mátt vita að þeir væru að ívilna sjálfum sér verulega á kostnað annarra kröfuhafa. Verður ekki hjá því komist að fallast á þá stefnuliði sem þannig eru til komnir. Sama gildir um þá stefnuliði sem sprottnir eru af þeim gerningum, er stefndu Bergur og Leó létu félagið afhenda sér lausafjármuni upp í laun, en sem fyrr segir munu forgangskröfur aðeins greiðast að hluta ef nokkuð kemur þá upp í þær. Öðru máli gegnir um þá stefnuliði er þeir létu félagið greiða óviðkomandi kröfuhöfum, þótt viðkomandi greiðslur kunni á sínum tíma að hafa verið riftanlegar, svo og um þær greiðslur er fella hefði mátt undir skiptakostnað eða öldungis jafna til hans.

Eigi verður fallist á solidariska ábyrgð, nema á þeim kröfum, þar sem um slíka ábyrgð var að ræða við greiðslu kröfunnar.

Ósannað þykir, að um svo vítaverðar athafnir eða athafnaleysi hafi verið að ræða af hálfu hins löggilta endurskoðanda og skilaneftardarmanns Guðmundar R. Óskarssonar, að til ábyrgðar hans leiði, en við ákvörðun málskostnaðar gagnvart honum verður litið til frammistöðu hans í skilaneftdinni.

*Um lið 1* verður það niðurstaðan, að af kröfu samkvæmt honum ber

stefnda Leó að greiða kr.  $132.726 + 160.099 + 105.910,90 : 3 =$  kr. 328.128,63, en stefnda Bergi kr.  $131.696 + 105.910,90 : 3 =$  kr. 166.999,63.

Stjórnarformanni Bandag hf., Péttri Rafnssyni, sem virðist hafa átt einhver hlutabréf í Skrifstofutækni hf., er ekki stefnt í máli þessu, auk þess sem því er óhnekk að hann hafi gengið úr stjórn félagsins 14. ágúst 1981 og eftir það nánast engin afskipti haft af félaginu og ekki fylgst með starfsemi þess, þ. á m. ekki verið mættur á aðalfundi hinn 4. september 1982 þegar samþykkt var að slíta því og verið ókunnugt um sölu á eignum þess þá er fram fór hinn 24. ágúst 1982. Með þessari athugasemd og vísan til hinna almennu athugasemda hér að framan verður því kröfuliður vegna greiðslu á láni með veði í Krókhálsi 1 ekki tekinn til greina.

*Um lið 2* verða þau úrslit, að stefnda Bergi og stefnda Leó ber að greiða in solidum umkrafða fjárhæð kr. 75.000.

*Um lið 3* verða þau úrslit að stefnda Leó ber að greiða kr. 65.070, en það var sú fjárhæð er félagið, samkvæmt málavaxtalýsingu stefnanda, greiddi sem fullnaðargreiðslu á þessari 104.077,76 króna kröfu Microtölvunnar sf.

*Um lið 4.* Samkvæmt þessum lið ber stefnda Bergi að greiða kr. 23.700,00.

*Um lið 5.* Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til röksemda lögmanns stefndu þar um og hinna almennu röksemda fyrir í þessum kafla.

*Um lið 6.* Sýknað er af þessum kröfulið með sömu athugasemd og um lið 5.

*Um lið 7.* Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til þeirra almennu röksemda er raktar eru fyrir í þessum kafla.

*Um lið 8.* Stefndu Bergi og Leó ber að greiða in solidum kr. 18.331,65 samkvæmt þessum kröfulið.

*Um lið 9.* Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til þeirra almennu röksemda er raktar eru fyrir í þessum kafla.

*Um lið 10.* Samkvæmt þessum lið ber stefnda Leó að greiða kr. 3.000,00, en að öðru leyti er sýknað af þessum kröfulið með vísan til röksemda lögmanns stefnda þar um og hinna almennu röksemda fyrir í þessum kafla.

Af hálfu stefndu hefur vaxtakröfu stefnanda verið mótmælt með vísan til 110. gr. hlutafélagalaga. Það lagaákvæði sýnist ekki eiga við um kröfur þær sem hér er um að ræða. Verður vaxtakrafa stefnanda tekin til greina.

Ekki er annað fram komið en að lögmaður stefnanda hafi haft fullt umboð þrotabúsins, *bindandi fyrir alla kröfuhafa í búinu*, til þess að lýsa því yfir, svo sem hann gerði og lét bóka við málflutning, „að ef stefndu verði dæmdir til greiðslu dómkrafna þá verði þeir kröfuhafar í búið.“

Samkvæmt þessu öllu er að framan er rakið ber stefnda Bergi að greiða

stefnanda kr. 166.999,63 + 23.700,00 = kr. 190.699,63, en stefnda Leó kr. 328.128,63 + 65.070 + 3.000,00 = kr. 396.198,63. Þar að auki ber þeim að greiða óskipt kr. 75.000 + 18.331,65 = kr. 93.331,65. Heildarfjárhæð höfuðstóls tildæmdra fjárhæða verður þá kr. 190.699,63 + 396.198,63 + 93.331,65 = kr. 680.229,91, allt með vöxtum eins og stefnandi krefst.

Ekki þykir koma til álita að færa framangreindar fjárhæðir niður svo sem stefndu hafa krafist og vísað til 2. mgr. 132. gr. l. 32/1978 og 65. gr. l. 6/1978.

Málskostnaður stefnanda til handa er stefndi Bergur og stefndi Leó greiði stefnanda óskipt ákveðst kr. 110.000,00.

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Skrifstofutækni hf., í máli þessu.

Málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Stefndi Bergur Björnsson greiði stefnanda kr. 190.699,63.

Stefndi Leó M. Jónsson greiði stefnanda kr. 396.198,63.

Ennfremur greiði stefndu Bergur og Leó in solidum stefnanda kr. 93.331,65.

Allar framangreindar fjárhæðir greiðist með 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 16. september s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 25. júní 1985, en dómvöxtum samkvæmt l. nr. 56/1979 frá þingfestingardeg til greiðsludags.

Stefndu Bergur Björnsson og Leó M. Jónsson greiði in solidum stefnanda, þrotabúi Skrifstofutækni hf., málskostnað að fjárhæð kr. 110.000,00.